



Reykjavík, 8. apríl 2024

MOS23020002

Borgarráð

Tillaga að þróunarverkefni um sumarstörf fyrir 17 ára ungmenni

Lagt er til að borgarráð samþykki fjármagn vegna ráðningar 17 ára ungmenna í viðkvæmri stöðu. Áætlað er að bjóða allt að 50 sumarstörf fyrir 17 ára einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Áætlaður heildarkostnaður vegna 50 ráðninga í 8 vikur væri 50,6 m.kr. Tillagan verður fjármögnuð af kostnaðarstaðnum ófyrirséð.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:
Bréf mannauðs- og starfsumhverfissviðs



Reykjavík



Til borgarstjóra Frá sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs

Efni: Sumarstörf fyrir 17 ára

Undanfarin ár hefur borgarráð samþykkt fjármagn til sköpunar viðbótar sumarstarfa fyrir 17 ára einstaklinga í Reykjavík til að bregðast við þegar 17 ára einstaklingar sækja um sumarstörf og fá ekki. Undanfarin misseri hafa verið samþykkt viðbótar sumarstörf fyrir 17 ára einstaklinga, þetta hafa verið í kringum 150-200 störf í 6-8 vikur. Borgarráð samþykkti á fundi sínum 7. apríl 2022 að stofnaður yrði starfshópur sem var falið að skoða fyrirkomulag á sumarstörfum til framtíðar fyrir 17 ára einstaklinga. Sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs skipaði starfshópinn í upphafi árs 2023 sem skilaði áfangaskýrslu í mars 2023 og lokaskýrslu í janúar sl. þar sem fram koma tillögur að framtíðarfyrirkomulagi sumarstarfa fyrir 17 ára.

Eftir yfirferð á tillögum starfshóps, mat á kostnaði og núverandi stöðu á vinnumarkaði er lagt til að farið verði í þróunarverkefni í sumar og áhersla verði á að skapa 50 störf á fagsviðum borgarinnar fyrir 17 ára ungmenni í viðkvæmri stöðu. Slíkt þróunarverkefni myndi nýtast vel í vinnunni við kortlagningu og enn frekari skoðun á framtíðarfyrirkomulagi sumarstarfa fyrir þennan aldurshóp.

Þróunarverkefni

Lagt er til að Reykjavíkurborg fari í sérstakt þróunarverkefni í sumar sem snýr að sköpun starfa fyrir 17 ára ungmenni í viðkvæmri stöðu. Þannig verður komið til móts við hóp sem hefur fallið milli skips og bryggju undanfarin ár og hafa ekki náð að fá störf við hæfi. Hluti af störfunum verða útfærð m.t.t. þarfa hópsins í huga og verði þannig brú inn í almenn sumarstörf þegar viðkomandi einstaklingur nær 18 ára aldri.

Það er ekki ljóst hversu stór þessi hópur er, þar sem 17 ára ungmenni eru komin úr grunnskóla og þarf því að kanna umfang hópsins markvist betur. Verði það m.a. gert með því að hafa samband við þjónustumiðstöðvar borgarinnar og kallað eftir upplýsingum frá ráðgjöfum sem vinna með ungmenni í viðkvæmri stöðu og fjölskyldum þeirra, einnig verði sendur tölvupóstur til námsráðgjafa í framhaldsskólum og þar sem vakin verður athygli á möguleika á starfi fyrir 17 ára ungmenni í Reykjavík. Vitað er um 22 ungmenni sem eru 17 ára sem eru skráð í samræmdri móttöku flóttafólks og líklegt að þau tali litla eða enga ensku. Ráðgjafar þjónustumiðstöðva hafa einnig vakið athygli á ungmennum sem mikilvægt er að komist í störf við hæfi. Í þróunarverkefninu myndi þessi hópur verða kortlagður betur til að átta sig á umfangi hans.

Sumarstörf fyrir þennan hóp þurfa að vera fjölbreytt og með ólíkum áherslum og tryggja þarf að útfærsla sumarstarfanna komi til móts við hópinn m.a. með því að einfalda störf og bjóða uppá störf með sveigjanleika. Lagt er til að ungmennin fari í undirbúningsviðtöl þar sem hægt er að kortleggja hvers konar störf henti og síðan er hægt að miðlað ungmennum í störf hjá Reykjavíkurborg.

Einnig verður lögð áhersla á að fræðslu um réttindi og skyldu á vinnumarkaði, undirbúning fyrir atvinnuleit og helstu atvinnuleitarmiðla. Markmiðið er inngilding hópsins á íslenskan vinnumarkað og að Reykjavíkurborg styðji ungt fólk í fyrstu skrefum í atvinnuleit og sýni þannig sýni samfélagslega ábyrgð.





Framkvæmd

Lagt er til að haft verði samband við þá aðila sem vinna með ungmenni sem standa höllum fæti s.s. samræmda miðstöð flóttafólks, þjónustumiðstöðvar, atvinnutengt nám og Hitt húsið. Tilkynnt verður að í boði verða sumarstörf fyrir 17 ára og sérstaklega horft til þeirra ungmenna sem eru í viðkvæmri stöðu. Útbúin verður hlekkur þar sem ungmenni geta skráð sig og sérstakur stuðningur við gerð umsókna um sumarstarf verður í boði fyrir þá sem þurfa hjá Hinu húsinu. Mun þetta þróunarverkefni því verða unnið náið með menningar- og íþróttasviði og velferðarsviði ásamt öðrum hagsmunadílum. Lagt er upp með að kortleggja þarfir einstaklinga til að hægt sé að sérsníða sérstök störf fyrir einstaklinga sem eru í viðkvæmri stöðu og verður þeim síðan miðlað í störf við hæfi á fagsviðum.

Áætlaður kostnaður

Við útreikning á þessu þróunarverkefni er miðað við laun sumarliða 1, sem er það starfsheiti sem þessi aldurshópur er ráðin í. Í töflu 1 má sjá heildarlaunakostnað vegna ráðningar 50 ungmenni í átta vikur.

Tafla 1. Launakostnaður fyrir fimmtíu störf

Fjöldi starfa	Heildarlaunakostnaður í 8 vikur
50	48 m.kr.

Í þessari töflu má sjá kostnað við ráðningu fimmtíu 17 ára ungmenna störf. Taflan sýnir launakostnað (laun og launatengd gjöld) vegna ráðninga 17 ára í átta vikur.

Til að koma til móts við þennan hóp þarf að gera ráð fyrir viðbótarkostnaði sem verður til vegna ráðningar þessar ungmenna. Ljóst er að hluti hópsins mun þurfa túlkapjónusta þar sem vitað er enskukunnátta sé lítil. Einnig má gera ráð fyrir að hluti hópsins þurfi stuðning stuðning þegar kemur kemur að því að taka fyrstu skref inná vinnumarkaðinn. Í töflu 2 má sjá viðbótarkostnað sem verður til vegna sértæks stuðning við hópinn.

Tafla 2. Viðbótarkostnaður vegna sumarstarfa

Viðbótarkostnaður		ALLS
Túlkapjónusta	50 klst.	556.000
Laun leiðbeinanda	2ja mánaða ráðning	2.000.000
ALLS		2.556.000

Í þessari töflu má sjá áætlaðan kostnað vegna túlkapjónustu, skv. rammásamningi Reykjavíkurborgar kostar hver klukkustund 13.900 kr. Gert er ráð fyrir að hver einstaklingur fái klukkustund í forviðtal til að kanna áhugasvið og hæfni og samskipti varðandi mögulega starfsstaði. Síðan er áætlað að þýðingarvinna við fræðslu og annað tengt starfinu. Taflan sýnir einnig laun og launatengd gjöld vegna ráðningu sérhæfðs sumarstarfsmanns í tvo mánuði sem heldur utan um hópinn.

Þar sem hluti hópsins er af erlendum uppruna gerir starfshópurinn ráð fyrir túlkapjónustu til að hægt sé að framkvæma forviðtöl við hópinn. Einnig þarf að gera ráð fyrir þýðingum varðandi mætingar og eins varðandi frágang á m.a. ráðningargögnum og þess háttar. Starfshópurinn leggur til að ráða starfsmann sem heldur utan um þróunarverkefnið og í hans verkswiði er að taka forviðtöl og kanna áhugasvið og hæfni viðkomandi, fylgja einstaklingum á starfsstaði og vera tengiliður milli starfsstaðarins og starfsmannsins.





Mannauðs- og starfsumhverfissvið leggur upp með að ofangreind tillaga fari strax í undirbúning og komi til framkvæmda eins fljótt og kostur er. Þannig að undirbúningur, ráðning leiðbeinanda og kortlagning á hópi gæti hafist í apríl og maí. Áætlaður heildarkostnaður við þróunarverkefnið er áætlaður 50,6 m.kr.

Virðingarfyllt,
Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri
Mannauðs- og starfsumhverfissvið



Reykjavík